

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

Pistill formanns

Árið 2019 var tíðindalítið í sögulegu samhengi, haldnir voru sex stjórnarfundir og aðalfundur. Félagið stóð fyrir kastnámskeiði fyrir áhugasama veiðiréttarhafa og efndi til fjölskyldu- og ruslahreinsunardags sem endaði með grilli í Hálsakoti. Stjórn er ákveðin í að endurtaka leikinn aftur í ár nk. sunnudag enda mikilvægt að hafa umhverfi árinnar snyrtilegt og huga að merkingum og veiðislóðum og -stígum fyrir opnun.



Breskur veiðimaður með fallegan hæng af Nesbreiðu sumarið 2019. Mynd: ÞE.

Laxveiðin byrjaði hægt í fyrra en var að komast í gang þegar yfirfallið skall á 6. ágúst, á nánast sama tíma og 2018. Yfir 100 laxar veiddust síðustu vikuna allt upp að Tregluhyl á Efra-Dal. Með yfirfallinu hurfu veiðimenn þó að áfram væri veitt í ánum í Hlíðinni. Veiðitölur ársins 2019 voru heldur slakar fyrir þverárnar en lélegt veiðisumar var um land allt. Heildarlaxveiði í Jöklu að meðtöldum Laxá og Kaldá voru rúmlega 380 laxar. Stjórn félagsins ræddi á fundum sínum þá þróun að yfirfall komi svona snemma og hvort rétt sé að endurskipuleggja veiðisvæði ef að ekki verður hægt að veiða í Jöklu nema 4-5 vikur á ári. Stjórn mun halda áfram að þrýsta á um að Landsvirkjun geri hvað þeir geta til að seinka yfirfallinu og eiga með þeim árlega fundi.

Á aðalfundi 2019 var samþykkt að greiða helming af höfuðstól félagsins út sem arðgreiðslur ásamt 60% af leigutekjum ársins. Farið var yfir arðskrána í heild sinni og þær upplýsingar sem veiðifélagið hefur um landeigendur. Við þá yfirferð kom í ljós að vafamál er með eignarhald eða skiptingu á milli landeigenda á nokkrum jörðum. Einhverjar greiðslur enduðu því inni á safnreikningi þar sem enn hafa ekki komið fullnægjandi gögn um eignarhald eða það vantar greiðsluupplýsingar. Heildararðgreiðslur 2018 voru 4 milljónir króna sem deildust á jarðirnar eftir samþykktari arðskrá.

Stjórn félagsins fékk á vormánuðum bréf frá leigutaka með ósk um að leigugjald ársins 2020 verði felld niður í ljósi aðstæðna sem hafa skapast vegna COVID-19, en mikil óvissa ríkir um veiðileyfasölu ársins. Á aðalfundi var tillaga samþykkt um að leigugreiðslu 2020 verði frestað og ákvörðun um hvort hún verði felld niður verði tekin á aðalfundi 2021 þegar liggur fyrir hvernig veiðiárið 2020 endar. Þar af leiðandi verður enginn arður greiddur út á þessu ári en seiðasleppingar sumarið 2020 verða svipaðar og undanfarin ár.

Þau þrettán ár sem liðin eru frá virkjun árinna til raforkuframleiðslu hefur tekist að byggja upp veiðistofn og setja reglur um skiptingu tekna af leigu með samþykkt arðskrár. Vonandi stefna allir að sama marki sem hagsmuna eiga að gæta varðandi uppbyggingu og nýtingu Jöklu sem stoðar til framtíðar byggðar í sveitinni okkar. Megi Veiðifélag Jökulsár á Dal vaxa og arðsemi aukast um ókomna tíð.

Þorvaldur P. Hjarðar, formaður stjórnar

Frá aðalfundi veiðifélagsins 2020

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal fyrir árið 2020 var haldinn á Skjöldólfsstöðum 30. maí sl. Ekki var hægt að halda fundinn fyrr vegna COVID 19 faraldursins. Að sama skapi var dagskrá fundarins stytta og aðeins var erindi frá Þresti Elliðasyni leigutaka og það flutt gegnum netið. Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórn um að ákvörðun um innheimtu umsaminna leigugreiðslna fyrir árið 2020 og þar af leiðandi einnig um arðgreiðslu ársins, yrði frestað til aðalfundar 2021 sökum óljóss útlits með veiðileyfasölu vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Aðalfundinn sóttu óvenjufáir eða 15 manns að gestum meðtöldum. Fundarmenn fóru með atkvæðisrétt 19 veiðiréttarhafa af 74 og þar af voru skrifleg umboð 8.

Ársreikningur 2019 var samþykktur en helstu niðurstöðutölur hans eru:

Tekjur	1.700.000 kr.
Gjöld	485.541 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>92.084 kr.</u>
Rekstrarafgangur	1.306.543 kr.
Arðsúthlutun	4.000.000 kr.
Eigið fé í árslok	3.187.507 kr.

Kosið var um tvö sæti aðalmanna í stjórn. Skúli Björn Gunnarsson og Gestur Hallgrímsson gáfu kost á sér til endurkjörs og önnur framboð voru engin. Varamenn til eins árs voru kosnir í skriflegum kosningum: Agnar Benediktsson (1.), Þorsteinn P. Gústafsson (2.) og Stefanía Karlsdóttir (3.). Engar breytingar urðu á nefndaskipan en lesa má um hvernig þær eru skipaðar aftur í fréttabréfinu.

Fundargerð aðalfundarins er að finna á heimasíðu félagsins, www.jokla.org.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2007-2019

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralin smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	119	49	385	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
2016	372	20	82	100	574	33.650		49.000
2017	250	29	37	34	350	28.200	52.400	61.050
2018	410	73	31	14	528	23.000		105.600
2019	311	54	16	13	394	27.000		93.000
Alls	3085	726	931	562	5304	591.950	221.500	473.350

Aðgengismál og styrkveitingar

Veidifélagið hefur á undanförunum árum fengið styrki úr Fiskræktarsjóði til að bæta aðgengi við ána og koma upp merkingum. Þessir styrkir hafa m.a. runnið til landeigenda eða ábúenda þegar þeir hafa ráðið í slóðagerð til að auðvelda veiðimönnum að komast að veiðistöðum.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að koma á meiri formfestu vegna þessara styrkveitinga enda eru reglur Fiskræktarsjóðs skýrar um að fjármögnun verkefna þurfi að liggja fyrir og eftirfylgni vera með framvindu. Því hafa verið settar svohljóðandi verklagsreglur um styrkveitingar til veiðiréttarhafa.

1. Hverjir geta sótt um styrk?.

Veiðiréttarhafar við Jökulsá á Dal geta sótt um styrki til félagsins til að bæta aðgengi að veiðistöðum fyrir sínu landi.

2. Hvað er styrkt? Styrkir eru veittir til slóða- og stígagerðar auk merkinga. Mótframlag skal vera a.m.k. 50% af kostnaði og getur m.a. verið í formi vinnu manna og véla. Hafa skal samráð við stjórn félagsins og leigutaka um framkvæmdir.

3. Hvernig er sótt um?.

Sótt er um styrk á eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins. Á því er framkvæmd lýst og sett fram kostnaðaráætlun. Umsókn

þarf að berast stjórn áður en ráðið er í framkvæmdir því að komið getur til forgangsroðunar á grundvelli fjármagns og mikilvægis framkvæmda.

4. Hversu háir eru styrkir? Fjárhæð styrkja getur verið breytileg milli ára og ákveður stjórn hámarksupphæð að vori og setur tímafrest fyrir umsóknir.

5. Hvernig er greitt? Greitt er eftir að framkvæmd er lokið. Skila þarf inn afritum af tímaskýrslum og reikningum sem sýna útlagðan kostnað og mótframlög ásamt stuttri skýrslu. Nálgast má eyðublað til skýrslugerðar á heimasíðu félagsins.

Veidifélag Jökulsár á Dal fékk 500.000 kr. styrk úr Fiskræktarsjóði í ár. Samþykkt hefur verið að hægt sé að sækja að hámarki um 200.000 kr. styrk til félagsins þetta árið. Þeir sem hyggja á framkvæmdir til að bæta aðgengi að veiðistöðum fyrir sínu landi eru beðnir um að fylla út þar að lútandi eyðublað sem er á www.jokla.org og senda til Höllu gjaldkera (hallahakonar@gmail.com). Umsóknarfrestur er til 5. júlí. Stjórn mun í kjölfarið taka umsóknir fyrir og setja sig í samband við umsækjendur þannig að hægt verði að ráðast í þær framkvæmdir sem samþykktar verða hið fyrsta.



Ódýr veiðileyfi fyrir veiðiréttarhafa

Í leigusamningi veiðifélagsins við Strengi er ákvæði um það að veiðiréttarhafar skuli eiga þess kost að kaupa veiðileyfi á verði sem nemur að hámarki 10% af markaðsverði. Leigutaka er heimilt að setja þá takmörkun á þessi leyfi að þau séu ekki seld með meira en 3ja daga fyrirvara og fjöldi stangardaga fyrir veiðiréttarhafa sem fara með eitt atkvæði sé ekki meira en 4 stangardagar. Í ár lítur út fyrir að nóg verði af lausum dögum

og því tilvalið notfæra sér þetta ákvæði til að veiða í Jöklu. Bæði til að ná upp veiðitölum en líka til að kveikja áhuga yngri kynslóða á stangveiði í því skyni að ala upp leiðsögu-menn framtíðarinnar. Áhugasamir snúa sér til Guðmundar veiðivarðar (s. 895-1677).

Stjórn og nefndir Veidifélags Jöklu

Stjórn:

Þorvaldur P. Hjarðar, Hjarðarhaga
formaður. hjardar@simnet.is
s. 866-3237

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
Bakka, ritari. skulibg@simnet.is
s. 860-2985

Halla Eiríksdóttir, Hákonarst. 3,
gjaldkeri. hallahakonar@gmail.com
s. 865-0026

Lárus Brynjar Dvalinsson,
Vörðubrún. lallid@live.com
s. 860-2162

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
blondub@simnet.is
s. 895-8929

Varamenn:

Agnar Benediktsson, Hvanná II
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Stefanía Karlsdóttir, Grund

Skoðunarmenn:

Arnór Benediktsson
Snæbjörn Ólason
Benedikt Arnórsson, til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Varamenn:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Bragi St. Björgvinsson, Eiríksst.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs og vefs: Skúli Björn.

MUNUM að rúllubaggaplast
er bæði skaðlegt náttúrunni
og ímynd veiðiár. **RÆKTUM**
ána okkar líka með góðri
umgengni og hirðusemi!

Fréttir úr starfi félagsins

Fjölskyldu- og tiltektardagur sunnud. 28. júní

Stjórn veiðifélagsins hefur í samráði við leigutaka ákveðið að efna til fjölskyldu- og tiltektardags sunnudaginn 28. júní. Veiðiréttarhafar eru hvattir til að nýta daginn til þess að huga að aðgengi veiðimanna á jörðum sínum en sameiginleg dagskrá verður svona:

Kl. 12. Safnast saman í **hádegisgrilli** við veiðihúsið í Hálsakoti. Eftir grillið verður skipt liði og farið yfir merkingar og aðgengi við sem flesta veiðistaði og „plokkað“ rusl. Æskilegt að hafa meðferðis verkfæri til að laga stíga og gott að hafa kerrur fyrir ruslið.

Kl. 16-19. Þeir sem eru **áhugasamir um að veiða** hittast hjá Breiðumörk og Guðmundur veiðivörður vísar leiðina á veiðistaði þar sem má renna fyrir fisk.

Kastnámskeið í sumar ef áhugi er fyrir hendi

Eitt af því sem færir fjölskyldum við veiðiár tekjur er veiðileiðsögn sem er vel borguð sumarvinna. Stjórn félagsins vill stuðla að því að íbúar á bökkum Jöklu fái tækifæri til að öðlast þá þekkingu og reynslu sem til þarf. Byrjendanámskeið í að kasta flugu var haldið í Brúarási í júní í fyrra og var þátttaka góð. Ef áhugi er fyrir hendi mun stjórn standa fyrir öðru slíku námskeiði í sumar og einnig framhaldsnámskeiði þar sem menn geta spreytt sig á árbakkanum undir leiðsögn. Þeir sem hafa áhuga skrá sig hjá Skúla Birni, netfang skulibg@simnet.is eða sími 860-2985. Þá er þeim sem hafa áhuga á veiðileiðsögn bent á að tala við Guðmund veiðivörð til að fá að fylgjast með vönum leiðsögunum að störfum í sumar.

Vöntun á upplýsingum vegna arðgreiðslna

Uppsafnaður arður er geymdur á safnreikningi veiðifélagsins þar til rétthafi geri grein fyrir sér og skilar inn veiðigandi gögnum. Það skal áréttað að þar sem jarðir eru skráðar í eigu tveggja eða fleiri einstaklinga þarf að liggja fyrir skjal um hvernig arðgreiðslum skuli háttað og það undirritað af öllum landeigendum. Þetta á líka við um hjón og sambýlisfólk því að félagið þarf að standa skil á upplýsingum um arðgreiðslur til sksattayfirvalda. Hægt er að sækja veiðigandi eyðublað á heimasíðu félagsins.

Heimasíðan www.jokla.org

Vefslóð veiðifélagsins www.jokla.org. Þar eru gögn aðgengileg og miðlað upplýsingum um starfsemina.